DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Svansmerkið
Prentgripur
1041 0858

Nr. 2683 Síðan 1968
56. árgangur

Fimmtudagur 12. janúar 2023

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss



Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

Jólin kvödd á Selfossi

Fjöldi fólks tók þátt í þrettándagleði þegar jólin voru kvödd á Selfossi á þrettánda degi jóla, síðastliðinn föstudag. Að vanda var það ungmennafélag Selfoss sem sá um gleðina í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg. Blysför var farin frá Tryggvaskála sem bræðurnir þrettán stýrðu, ásamt foreldrum sínum, álfum og tröllum og kvöddu börnin við þrettándabálköstinn á Gesthúsasvæðinu, áður en þau héldu aftur heim í Ingólfsfjall. Björgunarfélag Árborgar hafði umsjón með glæsilegri flugeldasýningu í lok gleðinnar við mikinn fögnuð nærstaddra. *HGL*

Harður árekstur á Suðurlandsvegi í síðustu viku



Harður árekstur varð milli fólksbifreiðar og jeppabifreiðar á Suðurlandsvegi við Öldulón austan Fagurhólsmýrar um kl. 14:00 þann 3. janúar. Níu manns voru í bílunum og voru þau öll flutt með flugi til aðhlynningar í Reykjavík en til þess voru notaðar tvær þyrlur og flugvél Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningu frá lögreglu segir að allir farþegarnir hafi verið með góð lífsmörk. Veginum var lokað þar til vinnu á vettvangi var lokið og umferðartafir voru á meðan verið var að hreinsa til á veginum en mikil hálka var á vettvangi. *HGL*

Veitingaskáli á Hörgslandi brann til kaldra kola



Mynd: Sigurjón Andrésson

Um miðjan dag þann 3. janúar kviknaði eldur í veitingaskálanum á Hörgslandi á Síðu og brann húsið til kaldra kola. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður gekk slökkvistarf sæmilega og engin slys urðu á fólki.

Guðmundur Vignir Steinsson, varaslökkviliðsstjóri hjá slökkviliðinu á Klaustri sagði í samtali við Vísi að aðstæður hefðu verið krefjandi. „Þetta er bara búinn að vera tómur barningur, hér er búið að vera hávaðarok, norðanátt. Vindurinn stendur í allar áttir hérna undan fjallinu. Hvergi hægt að vera almennilega í skjóli undan reyk og öðru en húsið er alelda og litlu bjargað þar. Það var erfitt að ná í vatn, náttúrulega allir lækir frosnir og annað þannig við þurftum að gera okkur ferð inn á Klaustur til þess að ná í vatn. Slökkviliðið á Vík kom hérna að aðstoða okkur líka.“

Ljóst er að þetta er mikið tjón, en á Hörgslandi, sem er 5 km austan við Kirkjubæjarklaustur hefur verið rekin ferðaþjónusta í mörg ár.

Sigurjón Andrésson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar átti leið hjá skálanum fyrr um daginn og blasti ljóslogandi skálinn við honum.

„Við vonum að uppbygging geti hafist sem allra fyrst enda er Hörgsland mikilvægur og vinsæll áningarstaður meðal ferðafólks,“ segir Sigurjón í færslu á Facebook-síðu sinni. *HGL*





Borgarleikhúsið
Fimmtudaginn 20.apríl 2023

FEB Selfossi býður upp á ferð í Borgarleikhúsið að sjá Leiksýningu um Átakanlegt og áleitið verk eftir eitt fremsta leikskáld Skota síðustu áratuga David Harrower.

Svartfugl
Brottför frá Grænumörk kl. 18:30
Miðaverð og akstur m/Guðmundir Tyrfingssyni kr. 9.000,-

Bókanir í ferðina eru í Grænumörk 5

Móttaka greiðslu er í Grænumörk föstudaginn 20 jan. Milli 13 – 14:30
Við bendum á, að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Nefndin
Magnús, Jóna og Sirrý



Hinsegin vika Árborgar

Dagana 16.-22. janúar næstkomandi mun hinsegin vika Árborgar fara fram í annað sinn.

Þema vikunar er fræðsla og sýnileiki.

Fyrsta hinsegin vika Árborgar var haldin í janúar í fyrra og gekk vonum framar. Það var frábær þátttaka og mátti sjá regnbogafánann blakta við hún við nánast hvert einsta fyrirtæki og stofnun. „Við að sjálfsögðu vonum að það verði það sama upp á teningnum í ár, fjölmörg fyrirtæki og stofnanir hafa tilkynnt að þau verði með. Risið, Miðbar og Sviðið verða til dæmis með frábæra dagskrá fyrir fullorðna fólkið, þar sem verður allskonar tónlist, drag og fleira skemmtilegt. Þau ætla líka að hafa hinsegin fræðslu fyrir starfsfólkið sitt, sem er náttúrulega algjörlega til fyrirmyndar," segir Dagbjört Harðardóttir, forvarnarfulltrúi sveitarfélagsins og forsvarskona hinseginvikunar.

„Bókasafnið verður með flotta dagskrá, GK bakarí ætlar að baka í regnbogalitunum, 1905 blómahús ætlar að skreyta hringinn á Brúartorgi og selja regnbogarósir og svo mætti lengi telja. Einnig verður fræðsla inn í gunnskólunum ásamt því að börn í fyrsta bekk fá bókina *Vertu þú!* að gjöf, en það er einmitt bók um fjölbreytileikann," segir Dagbjört aðspurð hvernig dagskrá vikunar verði háttað.

Barátta hinsegin samfélagsins hefur orðið fyrir bakslagi upp á síðkastið og sérstaklega á síðasta ári og því er mikilvægt að við sem samfélag sýnum samtakamátt og tökum þátt.

"Við hvetjum auðvitað öll til að vera með, hvort sem það eru einstaklingar, stofnanir eða fyrirtæki. Við viljum að sjálfsögðu sjá sveitarfélagið okkar í regnbogalitunum út um allt þessa vikuna. Það er hægt að vera með á allskonar hátt, setja regnboga skraut í gluggann, flagga hinseginfánanum, lesa sér til um málefni hinseginfólks og margt fleira, síðan má alltaf hafa samband til að fá góðar hugmyndir" segir Dagbjört að endingu.

Falleg gjöf

Menningar- og upplýsingadeild Árborgar vill gjarnan skipa sér á bekk með þeim sem leggja lið nýjum íbúum og hámarka þannig, annars vegar, gróða okkar af nýjum straumum og hinsvegar vellíðan þeirra sem hingað velja að koma og samsömun þeirra að þessu samfélagi.

Natalia Drumeva er komin til okkar frá Búlgaríu og er nú að búa sér heimili hér. En hún er ekki bara komin hingað með menntun sína og þekkingu, heldur færði hún Bókasafni Árborgar þessa gullfallegu bók frá sínu heimalandi að gjöf.

Eintakið sem hún færði okkur er eitt af aðeins 200 lúxuseintökum af „A fairy-tale about Bulgaria" sem fjallar um stórmerkilega sögu þessa lands frá tíma fyrstu ljósmynda og fram á miðja síðustu öld. Bókin er svo verðmætur og mikill gripur að hana þurfti að tilkynna sérstaklega á flugvöllum til að hægt væri að ferðast með hana.

Bókasafnið heima hjá Nataliu var vinnustaður móður hennar og það minnir okkur á hvað „hjörtunum svipar saman..." að við leitum og finnum það sem er kunnuglegt í nýjum og ókunnum aðstæðum og hún valdi að gefa hana Bókasafninu okkar.

Við erum mjög þakklát fyrir að fá þennan fallega grip og munum koma því þannig fyrir að allir fái að skoða og njóta á safninu.

Bestu þakkir Natalia og við vonum að samfélagið okkar reynist þér gott og hlýlegt nýtt heimili.

Bókasafn Árborgar



Margrét Blöndal, Heiðrún Eyvindardóttir og Natalia Drumeva með bókina góðu „Ævintýri um Búlgaríu"

Starfsmaður óskast
Fullt starf í léttum iðnaði, samsetning og smíði úr áli. Fyrirtæki staðsett á Selfossi.

Frekari upplýsingar í síma 863 3436 eða á netfangið gunnar@alfag.is



VIÐ OPNUM AFTUR
Í HVERAGERÐI

Efling stéttarfélag hefur opnað aftur skrifstofuna í Hveragerði að Breiðumörk 19. Skrifstofan verður opin á miðvikudögum frá kl 09:00 til 15:00. Við bjóðum félagsfólk okkar á Suðurlandi velkomið til að nýta sér aðstoðina.

English: Efling union has reopened the office in Hveragerði at Breiðumörk 19 from 09:00 to 15:00 on Wednesdays. We welcome our members in Hveragerði and nearby to come by and get assistance with union related matters.

Polski: Biuro Eflingu przy Breiðamörk 19 w Hveragerði zostało ponownie otwarte, godziny urzędowania: środy w godzinach 09:00 – 15:00. Wszystkich członków Eflingu zamieszkałych w okolicach zapraszamy do odwiedzenia biura.

EFLING

Glókollur styrkir Háskólafélag Suðurlands

Háskólafélag Suðurlands hlaut á dögunum styrk úr Glókolli en það eru styrkir til verkefna og viðburða á málefnasviðum ráðuneytisins og er úthlutað tvisvar á ári.

Að þessu sinni voru það þrjú verkefni sem hlutu styrk og voru þau eftirfarandi:

Háskólafélag Suðurlands (250.000 kr.)
Uppsetning og kynning á Hreiðrum – frumkvöðlasetrum á Suðurlandi: Hreiðrin eru frumkvöðlasetur sem staðsett eru víða um Suðurland. Verkefnið felur í sér að kynna hugmyndafræðina í nágrenni setranna í því skyni að auka vitund frumkvöðla og íbúa á þeirri aðstoð og aðstöðu sem þar er veitt auk þeirrar samvinnu sem á sér stað milli Hreiðra.

Rata (500.000 kr.)
Hugmyndasmiðir: Framtíðin kallar á skapandi einstaklinga til að leysa flókin vandamál. Hugmyndasmiðir er fræðsluvettvangur sem gefur börnum kunnáttu, verkfæri og trú á eigin getu til að breyta heiminum í gegnum nýsköpun.

Svava Lóa Stefánsdóttir (250.000 kr.)
Gott að heyra: Verkefni um þróun á tæknilega betri heyrnartækjum sem henta öllum kynjum.

Við mat á umsóknum leit þriggja manna matshópur, skipaður af ráðherra, til þátta á borð við gildi fyrir starfsemi viðkomandi málaflokks, sérstöðu verkefnis eða viðburðar, nýnæmi og hvort markmið og mælikvarðar verkefnis væru skýr.



20-50%
AF ÖLLUM
BORÐSTOFUSTÓLUM

ÚTSALA
20-50%
AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM

20-50%
AF ÖLLUM
PÚÐUM

20-50%
AF ÖLLUM
SVEFNSÓFUM


36%
ALLY Hægindastóll
~~49.900~~ kr. **Nú 31.900 kr.**


29%
CINDY Skemill
~~64.900~~ kr. **Nú 45.900 kr.**


35%
ANNALI Blómavasi
~~10.995~~ kr. **Nú 7.145 kr.**


50%
CALE Borðlampi
~~13.995~~ kr. **Nú 6.995 kr.**


36%
RIA 2ja sæta sófi H79 x B83 x L152cm
~~109.900~~ kr. **Nú 69.900 kr.**


20%
GRAHAM Svefnsófi H83 x B157 x L234cm
~~299.900~~ kr. **Nú 239.900 kr.**


22%
AMBLE Borðstofuborð
Ø110 x H75cm
~~54.900~~ kr. **Nú 42.900 kr.**


20%
PERK Hægindastóll
~~79.900~~ kr. **Nú 63.900 kr.**


50%
HARRIS Hægindastóll
~~69.900~~ kr. **Nú 34.900 kr.**


20%
TRUE Skenkur H72 x B45 x L160cm
~~189.900~~ kr. **Nú 151.900 kr.**


20%
SPIN Loftljós
~~12.995~~ kr. **Nú 10.395 kr.**


40%
X-CHAIR Borðstofustóll
~~39.900~~ kr. **Nú 23.900 kr.**

ILVA Selfossi, Austurvegur 69
Virkir dagar 11:00 - 18:00, laugardaga 11:00 - 17:00, sunnudaga - lokað

ILVA



LJÓSLEIÐARINN

Sólborgarsvæðið aftur til Hveragerðisbæjar!

Um áramótin féll úr gildi viljayfirlýsing milli Hveragerðisbæjar og Þróunarfélags NLFÍ slhf. um uppbyggingu á Sólborgarsvæðinu.

Hefði viljayfirlýsingin verið framlengd og haldið áfram með þetta er ljóst að Hveragerðisbær hefði verið að úthluta til eins aðila nær öllu byggingarlandi Hveragerðisbæjar til framtíðar. Þetta hefði líka þýtt að verktakar og einstaklingar sem hefðu viljað byggja í Hveragerði gætu ekki fengið úthlutað lóð næsta áratuginn eða meira. Þetta bentu fulltrúar D-listans á á bæjarráðsfundi þar sem viljayfirlýsingin var samþykkt af meirihluta O-listans og Framsóknar, en ekkert var á það hlustað.

Viljayfirlýsingin minnti um margt á það þegar að þáverandi meirihluti Samfylkingar og Framsóknar seldu þetta sama land í upphafi árs 2006 til fyrirtækisins Eyktar. Þá hafði fyrirtækið Eykt hug á að reisa 2.000 manna byggð á Sólborgarsvæðinu sem aldrei varð af. Hveragerðisbær, í tíð D-listans, eignaðist síðar aftur landið og fékk þar með full yfirráð yfir svæðinu að nýju.

Í viljayfirlýsingunni kemur fram „Viljayfirlýsing þessi gildir til 31.12.2022. Á þeim tíma skulu aðilar ræða saman um mögulega útfærslu samkomulags um framangreint. Aðilar eru jafnframt sammála um að á þeim tíma verði ekki teknar upp viðræður eða gengið til samninga við aðra aðila um landið. Náist ekki að ljúka samkomulagi fyrir 31.12.2022 af tæknilegum ástæðum s.s. að hönnun eða önnur undirbúningsvinna tekur lengri tíma en áætlað er, þá lýsa aðilar yfir vilja sínum til að framlengja gildistíma viljayfirlýsingar þessarar til 30.6.2023.“

Ekkert hefur verið rætt um málið frekar í bæjarstjórn eða bæjarráði og því liggur ljóst fyrir að viljayfirlýsingin féll úr gildi án framlengingar og er það vel þar sem það er ekki forsvaranlegt að afhenda einum aðila svo mikið land án þess að slíkt sé skoðað afar vel með alla hagsmuni bæjarfélagsins að leiðarljósi.



Friðrik Sigurbjörnsson

Bæjarfulltrúi D-listans í Hveragerðisbæ

KRAKKAHORNIÐ



Umsjón með Krakkahorninu hefur Elín María Halldórsdóttir, grafískur hönnuður og eigandi Komma Strik.

Sunnlenski matgæðingurinn

Anna María Friðgeirsdóttir er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.



Mig langar að byrja á því að þakka Rögnu Valdísi fyrir þessa áskorun, ég er ein af þeim sem vinn ekki með uppskriftir og mín eldamennska hefur alltaf verið slump og slatti þannig þetta var ágætis hvatning í að skrifa niður eina uppskrift.

Það sem ég ætla að bjóða upp á er uppskrift af mínum allra uppáhalds tacos, annars vegar tempura brokkolí taco og hins vegar risarækju taco. Bæði eru þau borin fram með sriracha og lime mayo og mangó-granatepla salsa.

Mangó-granatepla salsa
Eitt stórt þroskað mangó
1 granatepli
1-2 þroskuð avocado
1/2 rauðlaukur
Kóríander eftir smekk (má sleppa)
Öllu hrært saman í skál og borið fram

Sriracha og lime mayo
3 dl Hellmanns létt mayonnaise (eða hellmanns vegan mayo ef það hentar betur)
3-4 msk. sriracha chilli sósa
Börkur og safi úr 1 til 2 lime

Rífið lime börkinn með rifjárni og kreistið safann, öllu hrært saman í skál og borið fram.

Tempura deig
3 1/2 dl heiti
2 tsk. lyftiduft
3 msk. maíssterkja (maissti-velse)
4-5 dl sódavatn
Örlítið salt

Einn haus af brokkolí skorinn í munnbita stærð, velt upp úr tempura deigi og djúpsteikt í ca 5 mínútur eða þar til orðið gullinbrúnt.

Risarækjur með hvítlauk og chilli
1 poki ósoðnar risarækjur
1 geiralaus hvítlaukur
Chilliflögur eftir smekk
Steinselja
Góð klípa af smjöri

Smjör brætt á pönnu við lágan hita, hvítlauk bætt á pönnuna, látið malla í 1-2 mínútur, hækkið hitann í miðlungs háan hita, bætið rækjunum og chilliflögunum við steikið þar til þær eru orðnar fagur bleikar. stráið steinselju yfir rækjurnar í lokin.

Þá er ekkert annað að gera en að skella þessu öllu saman.

Ég notast alla jafna við maís tortilla kökur, en hveiti tortillur eru í góðu lagi líka.

Berið fram með fersku rauðkáli, siracha, lime, mayo og mangó-granatepla salsa. Sýrður laukur setur svo punktinn algjörlega yfir i-ið.

Mæli eindregið með að prufa, svo er hægt að leika sér með kjöt eða grænmetið, hef prufað tofu í tempura og það kom virkilega skemmtilega út.

Endilega skellið í taco-veislu og prufið.

Verði ykkur að góðu.

Mig langar svo að skora á góðvinkonu mína og sælkerann Guðbjörgu Pálsdóttur til að deila með okkur uppskrift í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Nefndarmönnum fyrir fer,
fákænn talinn þessi.
Bjargi stundum uppá er,
einn í plús er vessi.



Svar við gátu í blaði 2682: **STYKKI**
1. Asna**stykki** - 2. Leik**stykki**, leikrit
3. Líf**stykki** - 4. Viska**stykki**

Hannaðu það sjálfur!
honnun.prentmetoddi.is
Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur.**
prentmet Oddi heildarlausnir í prentun





Adda Sóley Sæland og Anna Metta Óskarsdóttir. Mynd: HSK.

Þrjú HSK-met á Ármótum Fjölnis

Þrjú HSK met voru sett í frjálsum íþróttum á Ármótum Fjölnis sem fram fór í Laugardagshöll, þann 29. desember síðastliðinn. Adda Sóley Sæland setti HSK-met í 200 og 400 metra hlaupi í flokki 12 ára. Hún hljóp 29,97 sek. í 200 metra hlaupinu og 66,48 sek. í 400 metra hlaupinu. Anna Metta Óskarsdóttir setti einnig HSK-met í 3000 metra hlaupi í sama flokki en hún hljóp á 14,52,70 mín. Adda Sóley og Anna Metta æfa báðar með Ungmennafélagi Selfoss.

STUNDASKRÁ

FÉLAGS ELDRI BORGARA Á SELFOSSI VOR 2023

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
09:00				Glerlist	
09:30	Fornsögur *M1*				
10:00	Gönguhópur	Stólaleikfimi *M2*	Öndvegisbókmenntir *M1*	Gönguhópur*	Stólaleikfimi *M2*
10:20	Boccia *Iða*		Pútt kl. 10:00-12:00 *GOS*		Boccia *Iða*
10:30					
11:00					
11:30-12:30	*HÁDEGISMATUR Í MÖRK - HÁDEGISMATUR Í MÖRK*				
12:00	Bridge *S2*			Bridge *S2*	
13:00	Handavinna *S3*		Myndlist *S1*	Hannyrðir *S3*	Keramik *S1*
13:00	Pappír... pappír *S1*	Tálgað í tré *S1*		Glerlist	
13:00	Hannyrðir *S3*				
13:10			Stólajóga *M2* **kl. 13:10**		
13:30	Leiklestur *M1*	Félagsvist *M1*	Kínaskák *M1*	Frjáls spil *M1*	
14:00		Samvera í Selfosskirkju *Heimilisleg samvera með léttu yfirbragði, kaffi og konfekti og góðum gestum. - Allir hjartanlega velkomnir. Annan hvern þriðjudag kl. 14:00, hefst 31. janúar.*		**OPIÐ HÚS** *M1* **með dagskrá frá kl. 14:45** Kaffi + meðlæti kr. 1500. Molakaffi kr. 200.	
14:45					
15:00	Perlusaumur				
15:30					
16:00			Hörpukórinn *M2*		
		Íþróttavöllur og nýja íþróttahúsið **Þriðjudagur** Styrktarleikfimi 9:30 og 10:30		**Fimmtudagur** Styrktarleikfimi 9:30 og 10:30	

* Rúta frá Guðm. Tyrfings fylgir hópnum.
Uppsalir; salur á 2. hæð í Grænumörk.
Bridge, pílukast og snóker er boði flesta daga.

M1=Mörk aðalsalur - M2=Mörk íþróttasalur - S1=Salur 1 - S2=Salur 2 - S3=Matsalur.

Öll námskeiðin eru haldin í Grænumörk 5, nema annað sé tekið fram.

Skrifstofa FEBSEL, opin fimmtud. kl. 13:00 í Grænumörk.

Stundataflan er birt með fyrirvara um breytingar.

Skrifstofustjóri

Skrifstofustjóri umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita (UTU) ber ábyrgð á rekstri og stjórnun skrifstofu embættisins sem staðsett er á Laugarvatni. Skrifstofustjóri starfar sjálfstætt að því að leysa störf sín farsællega og af nákvæmni. Skrifstofustjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn UTU í öllum störfum sínum og ákvörðunum. Möguleiki er á 80–100% starfshlutfalli.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Daglegur rekstur og stjórnun skrifstofu embættisins
- Gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við sveitarstjóra
- Samskipti og uppgjör vegna sameiginlegs reksturs sveitarfélaga
- Umsjón með útsendingu og móttöku reikninga
- Samskipti við þjónustuaðila s.s. vegna upplýsingatæknimála
- Umsjón með efni á heimasíðu og Facebook-síðu embættisins
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Þekking á skjalavörslu
- Sterk kostnaðarvitund
- Rík samskiptafærni og þjónustulund
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á OneSystems er kostur

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (UTU) er skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa sex sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu, Flóahrepps og Ásahrepps í Rangárvallasýslu. Um nokkurra ára bil var tæknisvið hjá stofnuninni en nú er starfsemin eingöngu bundin við skipulags- og byggingarfulltrúa. Hjá embættinu starfa tíu manns og fer starfsemin að mestu leyti fram á Laugarvatni. Mörg sumarhús eru á svæðinu og einkennir það starfsemi UTU umfram önnur skipulags- og byggingarembætti á landinu.

Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **23. janúar nk.**

Upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR

Jólin kvödd á Selfossi

























Dekurvettlingar



Gleðilegt ár kæru prjónarar! Árið heilsar okkur með frosti og snjó og þá er ekki úr vegi að gefa uppskrift af undurmjúkum og hlýjum vettlingum. Þeir eru prjónaðir úr garni sem heitir Alice og kemur frá Permin. Þetta er gæða garn, nælonstyrkt alpacca, sem alla jafna er prjónað á prjóna no 8 en í þessum vettlingum notum við prjóna no 4,5 og fáum þannig þétta, hlýja og mjúka vettlinga.

Stærðir: S/M - M/L

Lengd: 25 - 27 sm. Ummál: 18 - 20 sm.

Garn: Alice frá Permin 1 - 2 dokkur.

Prjónar: Sokkaprjónar no 3,5 og 4,5.

Prjónafesta: 21 l * 34 umf = 10 * 10 sm í sléttu prjóni á prjóna no 4,5, eða þeim prjónum sem gefa sömu prjónafestu. Það er mikilvægt að halda prjónafestunni til að ná réttum árangri. Prjónið alltaf prjónafestuprufu áður en þið hefjist handa og skiptið yfir á smærri eða stærri prjóna ef þarf til að ná réttri prjónafestu.

Skammstafanir: l = lykkja, sl = slétt, br = brugðin, p = prjónn, umf = umferð, stk =stykki, P = prjónamerki, sm = saman.

Útaukningar:

Auv = aukið út til vinstri. Lyftið bandinu milli lykknanna upp og krossið til vinstri og prjónið slétt.

Auh = aukið út til hægri. Lyftið bandinu milli lykknanna upp og krossið til hægri og prjónið slétt.

Vettlingur:

Fitjið upp 40 - 44 l á sokkaprjóna no 3,5. Tengið saman í hring og setjið prjónamerki við upphaf umferðar. Prjónið 6 sm í hring, stroff, 2 sl, 2 br. Skiptið yfir á prjóna no 4,5 og héðan í frá er prjónað slétt prjón. Fækkið í fyrstu umferð um 2 - 2 l jafnt yfir umferðina = 38 - 42 l. Prjónið slétt þar til stykkið mælist 7 - 8 sm. Setjið í næstu umferð P eftir 18. - 20. l og annað eftir 20. - 22. l. Aukið út fyrir þumli á milli þessara tveggja P þannig:

Prjónið slétt að P auh, prjónið að næsta P auv, prjónið alla umferðina sl = 4 l á milli P.

Aukið þannig í 4. hverri umferð, alls 6 - 7 sinnum = 50 - 56 l. Prjónið þar til stykkið mælist 13 - 14 sm. Setjið nú þessar 14 -16 þumallykkjur á hjálparnælu og fitjið upp 2 l í stað þeirra = 38 - 42 l. Fjarlægið P og haldið áfram með slétt prjón í hring þar til stykkið mælist 20 - 22 sm (eða það nær óskaðri lengd að frádregnum 5 sm).

Byrjið nú að fækka lykkjum þannig: *1 sl, 1 l tekin óprjónuð, 1 sl, steypið óprjónuðu l yfir, 13 - 15 l sl, 2 sl saman, 1 sl* endurtakið frá * til * einu sinni enn. Fækkið þannig í þriðju hverri umferð alls 4 sinnum og þar á eftir í hverri umferð 2 sinnum = 14 - 18 l. Í næstu umferð eru 2 l prjónaðar saman allan hringinn = 7 - 9 l. Slítið garnið og dragið það í gegnum lykkjurnar sem eftir eru, gangið vel frá endanum.

Þumall: Setjið 14 -16 l af nælunni á sokkaprjóna no 4,5 og takið upp 4 nýjar l við ofanvert opið. Til að koma í veg fyrir að göt myndist prjónum við í næstu umferð síðustu l af nælunni og fyrstu nýju l saman og síðustu nýju l með fyrstu l af nælunni saman = 16 - 18 l. Prjónið sl þar til þumallinn mælist 5,5 - 6 sm (eða hann nær óskaðri lengd mínus 0,5 sm). Prjónið nú 2 l saman allan hringinn = 8 - 9 l. Slítið garnið frá og dragið það í gegnum lykkjurnar sem eftir eru. Gangið vel frá endanum.

Prjónið hinn vettlinginn á sama hátt.

Gangið frá öllum endum. Skolið vettlingana í köldu vatni og leggið þá til þerris.

Hönnun: Permin.

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

Nú er búið að tengja Eyrarbakka við hágæða Ljósleiðara

Ljósleiðarinn mætti með köku og tilheyrandi til hennar Elínar í samkomuhúsinu á Eyrarbakka í síðustu viku þar sem öllum bæjarbúum var boðið í kaffi og spjall. Þó nokkur fjöldi lét sjá sig enda tilefnið ekki lítið því nú er búið að tengja Eyrarbakka við hágæða samband Ljósleiðarans. Fyrir jól var Stokkseyri tengdur en nú geta íbúar á svæðinu tengst mun hraðara neti og þannig streymt efni og spilað tölvuleiki án nokkurra vandræða.

Fyrsta heimilið á Eyrarbakka var tengt á föstudag en það var hjá honum Jóhanni Jónssyni íbúa á Túngötu 20. Rafvirkjar frá Ljósleiðaranum mættu á svæðið og komu Jóhanni í hágæða samband.

Tenging við heimilistækin


Hafi fólk á Eyrarbakka eða Stokkseyri áhuga á að komast í hágæða samband er einfaldast að hafa samband við sitt fjarskiptafélag og biðja um tengingu. Þá mun rafvirki á vegum Ljósleiðarans mæta á svæðið og tengja nýja Ljósleiðaraboxið við öll tæki heimilisins.

„Það er alveg ótrúlega gaman að sjá hvað fólkið á Eyrarbakka og Stokkseyri hefur sýnt þessu mikinn áhuga og tekið okkur vel á framkvæmdatímanum. Nú getum við boðið íbúum á svæðinu betra netsamband sem það hefur ekki haft aðgang að áður en notendur ættu að finna mikinn mun á gæðum, hraða og snerpu eftir að hafa tengst Ljósleiðaranum.“ segir Ásta Marteinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Ljósleiðaranum.



DFS.is FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Nýjar fréttir á hverjum degi!

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA
FJARNÁM
Skráningu lýkur 18. janúar á slóðinni www.fa.is/fjarnam
Kennsla hefst 25. janúar



VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI



Skoðaðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is
Bílanaust Hrísmýri 7, 800 Selfossi S. 484 4200
Opið Mán - fös 8 - 18 Lau 10 - 14
Bílanaust FYRIR FÓLK Á FERÐINNI

Hamar auglýsir eftir þjálfara fyrir 5. flokk karla sem, getur hafið störf sem fyrst. Þó ekki seinna en 1. janúar nk. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af þjálfun barna og hafi sótt þjálfaranámskeið hjá KSÍ. En öllum er frjálst að sækja um.

Hamar er staðsett í Hveragerði og rekur metnaðarfullt yngri flokka starf fyrir stóran hóp iðkenda. Leitað er að metnaðarfullum þjálfara sem er tilbúinn að taka þátt í uppbyggingu félagsins.

Áhugasamir geta sótt um með því að senda tölvupóst með ferilskrá á Unnar Magnússon, netfang: unnar20@outlook.com. En þar er einnig hægt að nálgast frekari upplýsingar um starfið.

HAMAR HVERAGERÐI

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. óskar eftir að ráða bílstjóra í 100% starf. Um framtíðarstarf er að ræða.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Akstur sorpbifreiðar
- Losun sorpíláta í dreifbýli
- Önnur tilfallandi verkefni á vegum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meirapróf, C
- CE réttindi er kostur
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Getu til að vinna undir álagi

Starfið er fjölbreytt og reynir á skipulagshæfileika, þjónustulund og áreiðanleika.

Framundan eru spennandi tímar í snjallvæðingu í sorphirðu og er leitað að einstaklingi sem er opinn fyrir nýjungum og tilbúinn að taka þátt í þróun starfsins.

Starfið hentar öllum kynjum og eru áhugasöm hvött til að sækja um. Laun eru skv. kjarasamningi sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2023.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Bárðarson framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, í síma 844-5252. Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið einar@ry.is

SORPSTÖÐ RANGÁRVALLASÝSLU bs.

Borgarleikhúsið
Laugardaginn 4. Feb. 2023

FEB Selfossi býður upp á ferð í Borgarleikhúsið að sjá gamanleikinn


Bara smá stund
Brottför frá Grænumörk kl. 18:30
Miðaverð og akstur m/Guðmundir Tyrfingssyni kr. 9.000,-

Bókanir í ferðina eru í Grænumörk 5

Móttaka greiðslu er í Grænumörk föstudaginn 20 jan. milli 13 – 14:30
Við bendum á, að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Nefndin
Magnús, Jóna og Sirrý

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI



Málörvun ungra barna (0-3 ára) – Góð ráð til foreldra

Börn eru félagsverur sem hafa þörf fyrir að mynda tengsl og eiga í samskiptum við aðra. Upplifun barnsins hefur áhrif á mótun taugatenginga í heila og gífurlegu máli skiptir hvernig brugðist er við tjáningu barnsins. Það er því mikilvægt að vera til staðar fyrir barnið og sýna því ást og umhyggju í gegnum snertingu og tal frá upphafi. Það er gert með því að hjala við og með barninu, bregðast við hljóðamyndun þess, ná augnsambandi og herma eftir hljóðum og hreyfingum. Þetta styður við málþroska og er undirstaða að samskiptum og tjáningu. Hafið í huga að málörvun er að auka það mál sem barnið heyrir og það er gert með því að tala meira, bæði við barnið og um það sem verið er að gera. Í gegnum þessi hvetjandi samskipti heyrir barnið orð og setningar, það lærir rétt mál og fær hvatningu til að æfa sig í tungumálinu. Mikilvægt er að gefa sér tíma til að tala við barnið um allt mögulegt, nota rétt orð yfir hluti, hafa gott jafnvægi á milli samræðna og spurninga og síðast en ekki síst að hvetja barnið til að tjá sig sjálft með því að skapa þörf fyrir samskipti og gefa því tíma til að tjá sig. Góðar aðferðir sem styðja við málþroska ungra barna eru:

Eftirherma – Búnar eru til aðstæður sem hvetja barnið til eftirhermu. Reynt er að fá barnið til að herma eftir táknum, málhljóðum, orðum, dýrahljóðum o.fl. með því að vekja athygli á þeim. Dæmi um það gæti verið í leikaðstæðum þar sem bíllinn keyrir og flautar „bíbb, bíbb“. Þá er þetta orð/hljóð endurtekið í leik með barninu og það hvatt til að herma eftir því. Einnig er hægt að nota glaðlegan eða syngjandi raddblæ til að hvetja til eftirhermu.

Sjálftal – Talað er um allt sem fyrir augu ber með því að hinn fullorðni setur orð á allar hversdagslegar athafnir, eins og því sem gerist eða það sem heyrist. Dæmi um þetta gæti verið „Núna set ég húfu á höfuðið þitt“ eða „Nú ætla ég að fara í jakkann minn áður en við förum út“.

Samhliðatal – Hinn fullorðni talar um það sem barnið gerir, nefnir leikföng þess, nefnir það sem barnið gerir í leiknum sínum, hvernig því líður, hvað það heyrir o.s.frv. td. „Ég sé að þú kastar boltanum hátt upp í loftið“.

Lýsingar – Hinn fullorðni lýsir því sem hann og barnið sjá, eins og „Sjáðu þarna er hundur. Hann er svartur“. Þetta hvetur til sameiginlegrar athygli þar sem barnið og hinn fullorðni deila saman reynslu, horfa á sameiginlegan hlut og hafa áhuga á viðbrögðum hvors annars.

Endurtekning – Þegar barnið sýnir frumkvæði að samskiptum (t.d. með bendingum) eða segir orð er mikilvægt að endurtaka þau og bæta við upplýsingum. Ný orð eru endurtekin til að festa þau í minni barnsins, gott að segja sömu setningar aftur og aftur „Nú förum við út… út, út, út… förum út að leika“.

Útvíkkun – Hinn fullorðni bætir viðbótarupplýsingum við það sem barnið segir. Ef barnið segir „epli“ þá er hægt að bæta við “já, þetta er epli, þetta er rautt epli, við ætlum að borða epli“.

Rétt mál – Orð og setningar barnsins eru endurtekin rétt, án þess að vekja sérstaka athygli á þeirri villu sem barnið gerir. Barnið segir td. „voffi hlaupaði“ og hinn fullorðni endurtekur „já hundurinn hljóp hratt“.

Spurningar – Mikilvægt er að spyrja áhugavekjandi spurninga en ekki yfirheyra barnið. Yngri börn ráða frekar við já/nei spurningar en slíkar spurningar takmarkast þó aðeins við já/nei svör. Hægt er að bjóða barni valmöguleika „viltu leika með bolta eða bangsa?“ en þá bendir barnið á það sem það velur og hinn fullorðni nefnir svar barnsins ef barnið er ekki farið að segja orðið sjálft. Einnig er hægt að spyrja spurninga án þess að ætlast til þess að fá svar td. „hvað segir hundurinn? … Hundurinn segir voff, voff“. Þegar barn eldist fer það að ráða við opnari spurningar eins og „Hvað er…, Hvers vegna…, Hvernig…, Af hverju…?“.

Bókalestur – Lestur bóka er mikilvæg leið til að styrkja tengsl barns og fullorðins en að auki eflir bókalestur orðaforða og málskilning barns ásamt því að vera áhrifarík leið til að auka úthald og athygli sem og að efla rökhugsun og minni. Skynsamlegt er að hafa reglu á daglegri lestrarstund með barninu og virkja það með samræðu um efni bókarinnar. Lesa má sömu bækurnar aftur og aftur til að fá góða endurtekningu og nefna það sem er á myndunum. Miklu máli skiptir hvernig bókin er notuð. Gefa þarf góðan tíma fyrir samræður á meðan lestri stendur en þá þarf að staldra við, spyrja, hlusta, svara, útskýra og tryggja



Margrét Guðmundsdóttir

að barnið fái tækifæri til að tjá sína upplifun af bókinni. Bókalestur styður einnig við málskilning barnsins. Málskilningur eru þau orð sem barnið skilur en er kannski ekki farið að nota sjálft. Hægt er að biðja barnið að benda á tiltekna hluti „Hvar er…? Sýndu mér... Bentu á...“. Hér er ekki verið að krefja barnið um tal heldur að það skilji fyrirmæli og orð. Mikilvægt er að velja bækur við hæfi og sem vekja áhuga barnsins. Þegar lesið er fyrir mjög ung börn er hægt að lesa söguna út frá myndum bókarinnar en einnig hafa þau gaman af taktföstum hrynjanda í texta, vísum og þulum. Bækur sem innihalda ákveðin þemu, eins og um dýr eða mat, höfða einnig til ungra barna. Þegar barn byrjar að tala er hægt að velja bækur sem innihalda mikið af endurtekningu á einföldum orðum og stuttum setningum. Þegar leggja þarf áherslu á sérstakan málþátt eins og til dæmis eftirhermu er mikilvægt að velja bók sem styður við eftirhermu. Hægt er að fá ráðleggingar á bókasafni varðandi val á barnabókum. Oft vilja börn láta lesa sömu bækurnar aftur og aftur en þá er mikilvægt fyrir þann fullorðna að styðja við þann áhuga. Einnig er hægt að skiptast á að velja bók til að lesa og kynna barninu þannig fyrir öðrum bókum.

Foreldrar eru besta málfyrirmynd barnsins og gegna lykilhlutverki þegar kemur að málörvun. Barn sýnir miklar framfarir í málþroska en þetta er ferli sem krefst hæfileika til að eiga í flóknum samskiptum við aðra þar sem það tjáir hugsanir, tilfinningar og hugmyndir sínar, meðtekur upplýsingar og nýtir í samræðum við aðra. Barnið lærir grundvallaratriði tungumálsins í samskiptum við aðra og því er mikilvægt að það fái örvun og mörg tækifæri til þess.

Margrét Guðmundsdóttir
Talmeinafræðingur
Skólaþjónusta Árborgar

prentmet ODDI heildarlausnir í prentun | DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Benedikt búálfur og Dídí mannabarn gleðja áfram á nýju ári

Er ekki tilvalið að bregða undir sig betri fætinum og fara í leikhús í Hveragerði á gullfallega og skemmtilega sýningu um Benedikt búálf?

Leikritið fjallar um Dídí, 7 ára stúlku og Benedikt búálf og ævintýri þeirra í Álfheimum, þar sem Dídí kynnist mörgum skemmtilegum álfum og einum ógurlegum dreka.

Verkið hefst á því að Dídí mannabarn rekur augun í Benedikt, þar sem hann stendur með handklæði um sig miðjan, á baðherberginu hennar, nýkominn úr baði. Búálfar eru nefninlega aðeins sýnilegir mannabörnum þegar þeir eru blautir!

Örlög búálfa eru með þeim ósköpum að þegar þeir lenda í þeim hremmingum að verða mannabörnum sýnilegir, fá mannabörnin að ráða hvað verður um þá.

Benedikt og Dídí verða góðir vinir og lenda í miklum ævintýrum og mikilli hættu í Álfheimum en allt fer þó vel að lokum.

Leikstjóri sýningarinnar er Gunnar Gunnsteinsson, danshöfundar eru Maria Araceli og Baldvin Alan Torarensen.

Frumsýning var laugardaginn 24. sept. og hafa síðan verið sýndar 20 sýningar fyrir fullu húsi.

Sýningar hefjast aftur nú eftir jólafrí, laugardaginn 14. janúar.

Leikfélag Hveragerðis varð 75 ára í fyrra, en félagið var stofnað 23 febrúar 1947.

Af því tilefni var ákveðið að setja upp ævintýrið um Benedikt, búálfinn geðþekka og ævintýri hans. Leikritið er unnið upp úr fyrstu bókinni um Benedikt, höfundur er Ólafur Gunnar Guðlaugsson, tónlistina samdi Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson en söngtextana sömdu þau Andrea Gylfadóttir og Karl Ágúst Úlfsson.

Sýnt er í Leikhúsinu Í Hveragerði að Austurmörk 23 og hefjast sýningar kl. 14.00

„Af hverju ekki að taka daginn snemma með börnunum eða barnabörnunum, fara í leikhúsferð til Hveragerðis og fara í sund eða göngutúr í fallegu og



skemmtilegu umhverfi. Eftir það eru eflaust margir orðnir svangir og þá er tilvalið að fá sér hádegissnæðing í Mathöll Suðurlands (Gróðurhúsinu) eða öllum hinum góðu veitingastöðum í Hveragerði," segir Valdimar Ingi, formaður Leikfélags Hveragerðis og færir okkur þessa fínu uppskrift af góðum fjölskyldudegi í ljúfa Hveragerði.

Miðasala fer fram á tix.is.
Nánari upplýsingar má finna á Facebooksíðu Leikfélagsins.

Fimmtíu keppendur á fyrsta frjálsíþróttamóti ársins

Aldursflokkamót HSK í frjálsum 11 – 14 ára var haldið í Selfosshöllinni sl. sunnudag, þann 8. janúar. Þetta var fyrsta mót ársins í frjálsum þetta árið. 50 keppendur frá sex aðildarfélögum HSK voru skráðir til leiks. Sérstaka athygli vakti að Umf. Hvöt sendi keppendur á mótið, en það hefur ekki gerst í áraraðir.

Í 11 ára flokki var keppt í fjórum greinum og þar varð Kara Kristín Lárusdóttir úr Dímon sigursælust, en hún vann þrjár greinar. Í öðrum flokkum var keppt í fimm greinum. Í 12 ára flokki vann Magnea Furuhjelm Magnúsdóttir úr Dímon fjórar greinar. Anna Metta Óskarsdóttir Selfossi vann fjórar greinar í 13 ára flokki og Helga Fjóla Erlendsdóttir Garpi vann þrjár greinar í 14 ára flokki.

Á mótinu voru í fyrsta skipti veitt verðlaun fyrir stigahæsta félag í hverjum aldursflokki fyrir sig, líkt og gert hefur verið á Íslandsmótunum undanfarin ár. Dímon vann stigabikarinn í 11 og 13 ára flokkum og Selfoss vann í flokkum 12 ára og 14 ára. Umf. Selfoss vann heildarstigakeppni mótsins með 265 stig, Dímon varð í öðru sæti með 188 stig og Þjótandi var í því þriðja með 98 stig.

Heildarúrslit má sjá á www.fri.is.



Hljóma vinnuvernd, vélar og tæki vel?

Vinnueftirlitið leitar að metnaðarfullum, sjálfstæðum og drífandi einstaklingi með mikla þekkingu og áhuga á vinnuvélum og tækjum til að ganga til liðs við teymi sérfræðinga á vinnuverndarsviði.

Viðkomandi mun koma til með að sinna vinnuvélaskoðunum ásamt því að veita leiðbeiningar á sviði vinnuverndar og vinna að sérverkefnum.

Um er að ræða 100% starfshlutfall og er starfsstöð annars vegar á Selfossi með skoðunarsvæði frá Þorlákshöfn til Kirkjubæjarklausturs sem skiptist á milli fjögurra eftirlitsmanna og hins vegar á Egilsstöðum með skoðunarsvæði frá Höfn í Hornafirði að Vopnafirði sem skiptist á milli tveggja eftirlitsmanna.

Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar næstkomandi. Sótt er um á alfred.is.

Allar nánari upplýsingar; meðal annars um helstu verkefni, ábyrgð, menntunar- og hæfniskröfur er að finna á vinnueftirlitid.is



Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á vorönn 2023 er til 15. febrúar n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem að stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Aksturstyrkur (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á Mitt Lán sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar www.menntasjodur.is eða island.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef Menntasjóðs námsmanna (www.menntasjodur. is).

Menntasjóður námsmanna
Námsstyrkjanefnd

MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Selfosskirkja

Kyrrð og ró í amstri dagsins
„En þegar þú biðst fyrir skaltu ganga inn í herbergi þitt, loka dyrunum og biðja föður þinn sem er í leynum." (Matt. 6.6)

Bæna- og kyrrðarstund á miðvikudögum kl. 17
Oft virðist kyrrð og hugarró af skornum skammti í nútímasamfélagi og hversdegi sem er á fleygiferð. Á miðvikudögum kl. 17. er boðið upp á kyrrðar- og bænarstund í Selfosskirkju í anda Kyrrðarbænar þar sem við leitumst við að kyrra og róa hugann og opna okkur fyrir nærveru, kærleika og friði Guðs. Kyrrðarbæn er gefandi og nærandi stund og leið til að nálgast Guð inni í okkur sjálfum þar sem kyrrð og ró kemur í stað margra orða.

Morgunbænir kl. 9:15
Alla þriðjudags-, miðvikudags- og fimmtudagsmorgna kl. 9:15 er boðið upp á morgunbænir í Selfosskirkju. Er það góð og gefandi stund í upphafi dags þar sem við leggjum verk og vanda dagsins sem framundan er í Guðs hendur. Um er að ræða stutta fimmtán mínútna stund og svo er boðið uppá kaffisopa og morgunspjall þar á eftir.

Verið hjartanlega velkomin.



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA FEBSEL
Fim. 12. janúar kl. 14:45.
Kaffi og meðlæti 1.500 kr. og molakaffi 200 kr.


Sjá stundaskrá vorannar á bls. 5.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta



BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
HEKLA
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



María Katrín Fernandez, eigandi Hlöðunnar.

Hlaðan stækkar og færir sig um set í miðbæ Selfoss

Verslunin Hlaðan, sem starfrækt hefur verið í Smjörhúsinu svonefnda í miðbænum á Selfossi mun á næstunni færa sig um set í stærra húsnæði í miðbænum. Að sögn Maríu Katrínar Fernandez, eiganda Hlöðunnar, munu nýjar vörulínur vera teknar inn og úrval aukast umtalsvert.

„Þetta nýja húsnæði er rétt tæplega þrefalt stærra en hið fyrra, við hlökkum til að bæta við okkur vönduðum fatnaði fyrir fullorðna ásamt því að bjóða upp á heimilisvöru, þannig verður Hlaðan lífstílsverslun fyrir börn, fullorðna og heimilið. “ segir María Katrín. En Hlaðan gengur út á „Slow Fashion” hugmyndafræðina. Við leggjum mikið upp úr sjálfbærni, náttúrulegum efnum, umhverfisvottunum og þess sem ekki er horft til í hröðum heimi tískunnar. Verslauninni hefur verið afar vel tekið og við hlökkum til að frumsýna nýja verslun á nýju ári,“ segir María Katrín en áætlað er að verslunin opni í byrjun mars.

Fjalakötturinn hefur að undanförnu hýst jólabúðina Mistiltein, en henni hefur nú verið lokað.



Krílahópur á Stokkseyri

UMF Stokkseyrar býður krökkum fæddum 2015, 2016 og 2017 upp á fría prufutíma í febrúar í fimleika- og íþróttasprelli á þriðjudögum frá kl. 16:30 til 17:30 en æfingatímabilið er frá febrúar til júní. Þjálfari er Ólöf Ólafsdóttir, taekwondo þjálfari.

Skráning og upplýsingar á umfstokkseyri@gmail.com eða í síma 868 2655.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Sunnudaginn 15. janúar kl. 11. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Kirkjukór Selfoss syngur við undirleik Edit Molnár organista.
Sunnudagaskólinn í Selfosskirkju hefst samnhliða messu kl. 11. Verið hjartanlega velkomin.

Stokkseyrarkirkja
Sunnudaginn 15. janúar kl. 20. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Organisti er Haukur Arnarr Gíslason. Kór Stokkseyrarkirkju leiðir safnaðarsönginn.

Hveragerðiskirkja
Guðsþjónusta kl. 20. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar

Kotstrandarkirkja
Guðsþjónusta kl. 14. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 14. janúar. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl 12. Verið velkomin.

FUNDIR

Vöfflukaffi
Vöfflukaffi laugardaginn 14. janúar milli kl. 11:00 og 12:00 á Eyravegi 15, Selfossi. Allir velkomnir.



Guðrún er listamaður janúarmánaðar í Gallery Listasel

Listamaður janúarmánaðar í Gallery Listasel í miðbænum á Selfossi er Guðrún Arndís Tryggvadóttir. Af því tilefni tekur hún á móti gestum í galleríinu frá kl. 16:00-18:00 í dag, fimmtudaginn 12. janúar. Allir hjartanlega velkomnir.

Verkið sem Guðrún sýnir heitir „Við saman“ er risastórt og er úr myndaseríu sem hún vann á árunum 2014-16 þar sem tíminn og kynslóðaskiptin eru viðfangsefnið. Verkið hefur aldrei verið sýnt opinberlega áður. Guðrún lýsir því svo að hún hafi haft þörf fyrir að leita leiða til að sjá tímann á nýjan hátt, tengjast formæðrum sínum og sjá hvað þær eigi allar sameiginlegt þó tíminn skilji þær að.

Guðrún er fædd í Reykjavík en hefur búið á Suðurlandi síðan 2006. Hún nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, École nationale supérieure des Beaux-Arts í París og Akademie der Bildenden Künste í München þaðan sem hún útskrifaðist með láði.

Guðrún hefur haldið sýningar hér heima, í Evrópu og Bandaríkjunum og hlotið fjölda viðurkenninga, bæði fyrir myndlist sína og störf á sviði nýsköpunar en hún hefur verið frumkvöðull á ýmsum sviðum, stofnað og rekið myndlistarskólann Rými og listrænu hönnunarstofuna Kunst & Werbung sem hún rak í Þýskalandi og hér á landi um árabil. Guðrún stofnaði einnig og rak umhverfisvefinn Náttúran.is um tíu ára skeið.

Aðalefniviður í myndlist Guðrúnar er olía á striga en hin stóru málverk hennar eru mjög persónuleg og byggjast á sterkum hugmyndafræðilegum og oft sögulegum grunni. Guðrún rekur einnig fræðslu- og útgáfufélagið Listrými og starfrækir vinnustofu sína á Selfossi. Meira um list og feril Guðrúnar má sjá á tryggvadottir.com.

Hvaða hagsmunir ráða för?

Nú þegar nýjar upplýsingar birtast bæði íbúum og kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins Ölfuss á síðum Morgunblaðsins um frekari og mjög stórtækar fyrirætlanir Heidelberg Materials í Þorlákshöfn, er rétt að fara aðeins yfir stöðuna.

Á fundi Skipulags- og umhverfisnefndar 7. desember síðastliðinn lá fyrir erindi frá Skipulagsstofnun þar sem beðið var um umsögn um matstilkynningu vegna mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn. Í beiðninni segir meðal annars að í umsögninni skuli koma fram hvort sveitarfélagið kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat. Sem sagt, þarna gafst Sveitarfélaginu Ölfusi tækifæri á að segja sína skoðun á því hvort það teldi fyrirhugaða verksmiðju Heidelberg í Þorlákshöfn þurfa að fara í umhverfismat.

Fyrir fundinum lá tillaga að umsögn þar sem listuð eru upp þau skilyrði sem Ölfus setur fyrirtækinu og bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 24. nóvember. Auk þess bætti nefndin við lið sem ítrekaði samráð við sveitarfélagið þegar kæmi að hönnun byggingarinnar.

Fulltrúar B lista Framfarasinna sem sitja í Skipulags- og umhverfisnefnd fyrir hönd minnihlutans lögðu fram eftirfarandi álit: “Talið er mikilvægt að mölunarverksmiðjan fari í umhverfismat, sökum umfangs hennar miðað við samfélagið í Þorlákshöfn.”

Þegar fundargerð þess fundar var lögð fram á bæjarstjórnarfundi 15. desember til samþykktar, rataði álit bæjarfulltrúa Framfarasinna ekki inn í umsögnina sem Sveitarfélagið Ölfus sendi til Skipulagsstofnunar. Sem sagt, Sveitarfélagið Ölfus kallaði ekki eftir því að framkvæmdin færi í umhverfismat.

Hversvegna beitir meirihlutinn sér ekki fyrir því að leiða fram allar upplýsingar?

Þessi afstaða meirihlutans vekur mikla furðu okkar bæjarfulltrúa í minnihluta. Í fyrrnefndum skilyrðum sem bæjarstjórn samþykkti segir meðal annars að bæjarstjórn „áskilji sér fullan rétt til að tryggja hagsmuni samfélagsins við vinnslu málsins”, og að „ekki komi til greina að gefinn verði afsláttur af almennum kröfum um hljóðmengun,



rykmengun og annað það sem valdið getur samfélaginu ama”.

Hvers vegna í ósköpunum fer bæjarstjórn þá ekki fram á að verksmiðjan fari í umhverfismat og þar með í gaumgæfilega skoðun sem tekur á málum er varða hagsmuni íbúa og umhverfis? Hvaða hagsmuni er verið að vernda með þeirri afstöðu? Hvernig geta íbúar tekið vel ígrundaða ákvörðun þegar kemur að íbúakosningu, sem búið er að lofa en enginn veit hvenær verður, þegar sveitarfélagið beitir sér ekki fyrir því að leiða fram allar mögulegar upplýsingar um áhrif sem framkvæmdin kann að hafa?

Sérálit til Skipulagsstofnunar frá fulltrúum B og H lista

Fulltrúar H og B lista sendu Skipulagsstofnun sérálit sem hljóðar svo:

“Við viljum árétta það að fulltrúar B og H lista telja fulla þörf á því að fyrirhugaðar framkvæmdir við verksmiðju Heidelberg fari í umhverfismat, sem hlýtur að teljast sjálfsögð krafa frá bæjarstjórn sem er búin að samþykkja það að: „áskilja sér fullan rétt til að tryggja hagsmuni samfélagsins við vinnslu málsins“ og að: „ekki komi til greina að gefinn verði afsláttur af almennum kröfum um hljóðmengun, rykmengun og annað það sem valdið getur samfélaginu ama“.

Í 19. gr.laga nr. 111/2021 um Framkvæmdir sem kunna að vera háðar umhverfismati segir:

„Tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lög þessi skulu háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. Viðauka”.

Sveitarfélagið Ölfus á að sjálfsögðu að gera skýra kröfu um það til Skipulagsstofnunar að heildarframkvæmdin hér í Þorlákshöfn fari í umhverfismat og standa þannig með hagsmunum samfélagsins.

Við teljum fulla þörf á því að fyrirhuguð verksmiðja fari í umhverfismat. Það er ekki hægt að horfa á fyrsta áfanga verkefnisins þegar ákvörðun um mat verður tekin, heldur lokapunktinn sem er verksmiðja á 65.000 m2 lóð í mikilli nálægð við íbúabyggð og 40-60 m háum sílóum, allt að 8 talsins. Ekki er með sannfærandi hætti búið að sýna fram á það að mengun muni ekki koma frá verksmiðjunni. Það þarf að okkar mati að meta betur ýmis form mengunar: sjón-, hljóð-, lyktar- og umhverfismengun og greina með fullnægjandi hætti hvort efni sem eru skaðleg heilsu fólks muni leggja frá verksmiðjunni, svo sem svifryk og gufur úr vinnslu. Vanda þarf sérstaklega til þessarar vinnu í ljósi mikillar nálægðar við íbúahverfi”.

Hagsmunir íbúa og umhverfis verða að ráða för

Þegar þetta er skrifað hefur Skipulagsstofnun ekki tilkynnt um ákvörðun sína um það hvort fyrirhuguð mölunarverksmiðja Heidelberg þurfi að fara í umhverfismat, en sú ákvörðun hlýtur að liggja fyrir fljótlega. Við bindum miklar vonir við að stofnunin standi með hagsmunum íbúa og umhverfis og fari fram á umhverfismat. Þar fyrir utan er alveg ljóst að það þarf að meta verkefnið út frá samfélaginu í stærra samhengi, búsetugæðum og áhrifum á önnur fyrirtæki sem hér eru fyrir eins og á matvæla- og visttengda starfsemi og mögulega uppbyggingu í ferðaþjónstu. Í upphafi skyldi endirinn skoða.

Ása Berglind Hjálmarsdóttir, H lista
Hrönn Guðmundsdóttir, B lista
Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, B lista

Nýir eigendur taka við rekstri á Krílafló.

Núna um áramótin tóku nýir eigendur við rekstrinum á básaleigunni Krílafló á Selfossi. Krílafló opnaði 24. Janúar 2021 og hefur þar af leiðandi verið starfandi í tvö ár nú í janúar.

Nýir eigendur eru hjónin Jóhanna Þorvaldsdóttir og Baldvin Ingi Gíslason en þau taka við af Kristbjörgu St. Gísladóttur, Pálínu Agnesi og Sverri Tómasi Bjarnasyni.

„Rekstur básaleigunnar verður áfram sá sami og við fullvissum viðskiptavini um að þjónustan heldur áfram að vera sú besta. Gjafabréf halda gildi sínu og við hlökkum til að taka á móti ykkur öllum á nýju ári,“ segja Jóhanna og Baldvin.

Kristbjörg, Pálína og Sverrir Tómas þakka kærlega fyrir viðskiptin á þessum tveimur árum, samhliða því sem þau óska Jóhönnu og Baldvini alls hins besta í rekstrinum og hlakka til að fylgjast með Krílafló halda áfram að vaxa og dafna.



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Fáðu tilboð í auglýsingarnar
Auglýsingasíminn er 482 1944

HRUNAPRESTAKALL
Organisti óskast í tímabundna afleysingu

Hruna- og Hrepphólasóknir í Hrunamannahreppi óska eftir að ráða organista í tímabundna afleysingu frá 1. apríl nk. til 31. des. 2023. Við kirkjurnar starfar fjölmennur og öflugur kirkjukór og felst starf organista m.a. í kórstjórn ásamt því að annast undirleik í helgihaldi. Nánari upplýsingar um starfið veita sr. Óskar sóknarprestur í s. 856-1572 og Marta Esther Hjaltadóttir formaður sóknarnefndar Hrunasóknar í s. 899-6412. Umsóknir sendist á netfangið hrunaprestur@gmail.com. Umsóknarfrestur er til 25. janúar nk.

Forval á verktökum bygging 8 íbúða á Hvolsvelli

Sláturfélag Suðurlands svf hyggst byggja 8 íbúða raðhús á Hvolsvelli fyrir starfsfólk.

Þeim byggingaverktökum sem hafa áhuga á að gera tilboð í verkið er bent á að hafa samband við Benedikt í netfangið: benedikt@ss.is eða Þórð í netfangið: thordur@taktikverk.is fyrir 31.janúar 2023.

Sláturfélag Suðurlands
Hvolsvelli
s. 488 8200

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Bólusetningar barna



í Árnes- og Rangárvallasýslum

Inflúensubólusetningar barna 6 mánaða til 2ja og hálfs árs.
Sóttvarnarlæknir hefur útvíkkað forgangshópa sem fá inflúensubóluefni sér að kostnaðarlausu til barna á aldrinum 6 mánaða til 2,5 ára.
Inflúensubólusetningar verða í boði í heimsóknum í ung- og smábarnavernd á tímabilinu 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2023.
Einnig er hægt að panta tíma utan ungbarnaverndar, en boðið verður upp á bólusetningar fyrir þennan hóp alla miðvikudaga í janúar 2023 milli kl. 14:00-15:30 fyrir þá sem panta tíma.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og dagsetningar fást á öllum starfsstöðvum.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2682 Fimmtudagur 5. janúar 2023



Sigurhæðir fá styrk frá VIRK

Stjórn VIRK ákvað í desember að veita sérstaka styrki til 6 úrræða um allt land sem veita þolendum kynferðisofbeldis þjónustu.

Sigurhæðir á Suðurlandi voru eitt af þessum 6 úrræðum og fengu þriggja milljón króna styrk frá VIRK og munu geta sótt um styrk á næsta ári líka samkvæmt reglum sem verða mótaðar nú í byrjun árs.

Hin úrræðin sem hlutu styrk að sömu fjárhæð og Sigurhæðir voru Bjarkarhlíð, Stígamót, Kvennaathvarfið, Aflið á Akureyri og Bjarmahlíð á Akureyri.

VIRK veitir árlega jólastyrk til góðra verkefna og ákveðið var að þessu sinni að styrkja verkefnið „Heimilisfriður“ sem er meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánum samböndum um eina milljón króna.

Í verkefninu er gerendum og þolendum ofbeldis í nánum samböndum boðin meðferð og einnig er lögð áhersla á að miðla fræðslu og þjálfun varðandi ofbeldi í nánum samböndum og afleiðingar þess til fagfólks og almennings. Sjá nánar á heimilisfridur.is.

Þessar styrkveitingar tengjast báðar „Það má ekkert lengur“ vitundarvakningu VIRK sem hefur vakið mikla athygli og vakið fólk til umhugsunar um kynferðislega áreitni á vinnustöðum.

Styrkveitingarnar eru einnig liður í því að efla samstarfið milli VIRK og þeirra sem starfa að þessum mikilvæga málaflokki með það að markmiði að bæta heildarþjónustu við þjónustuþega VIRK og auka samvinnu og samstarf ólíkra aðila innan velferðarkerfisins.

Klakastífla í Ölfusá

Síðastliðinn mánudag bárust Dagskránni upplýsingar um að klakastífla væri tekin að myndast í Ölfusá. Vilja svona stíflur gjarnan myndast þegar hlýnar í veðri eftir mikið frost en ekkert útlit er fyrir áframhaldandi hlýnun, heldur á hitinn að lækka með vikunni og stefnir í allt að 18 stiga fost á Suðurlandi um helgina svo ólíklegt hlýtur að teljast að stíflan komi til með að stækka mikið. Blaðamaður brá sér á stjá og tók meðfylgjandi myndir. *HGL*



Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is


VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson

Svanhildur Eiríksdóttir

Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020